



Námskrá 2018-2019

List- og verkgreinar-Myndmennt- Val

9.- 10. bekkur

Myndmennt: Í myndmennt öðlast nemendur tækifæri til að læra og tjá sig án orða. Þeir geta ýmist unnið á gagnrýninn hátt með málefni daglegs lífs eða með ímyndunaraflíð. Slík reynsla veitir nemendum forsendur til að læra að þekkja sjálfa sig bæði í tengslum við náttúruna og efnisheiminn. Skilningurinn verður bæði almennur og persónulegur, byggður á rannsóknum á raunveruleikanum og töfrum ímyndunaraflsins. Myndmennt er í eðli sínu skapandi námsferli. Mikilvægt ferli þar sem nemendur finna innri rödd, mynda tengingar, og þróa leikni í ólíkum nálgunum, s.s. í teikningu, málun, mótun, þrykki, klippiaðferð og skjámiðlum. Að taka þátt í að skapa, greina og njóta listar stuðlar að því að nemendur þjálfast í að upplifa list jafnframt því að þróa með sér samkennd, umburðarlyndi og gagnrýninn skilning á heiminum.

Vinnulag:

Unnin eru fjölbreytt verkefni sem kenna og þjálfra grunnþætti myndlistar og veita innsýn í listasöguna og list þekktra listamanna, innlendra sem erlendra. Hvert verkefni byrjar með innlögn. Í innlögninni er verkefnið kynnt, sýnd mynddæmi og aðferðir útskýrðar með sýnikennslu. Nemendur vinna einstaklingsverkefni. Haft er að leiðarljósi að nemendur:

- byggja upp jákvætt hugarfar gagnvart myndlist sem eykur möguleika þeirra á að verða gagnrýnir áhorfendur og njótendur lista síðar meir.
- fái tækifæri til að örva skapandi hugsun í myndrænni vinnu
- fái aðstoð við að útfæra eigin sköpun og hvatningu til að þróa sinn persónulega stíl
- geri sér grein fyrir að til eru margvíslegar leiðir í túlkun og framsetningu á myndlist
- fái að kynnast fjölbreyttum efnum, áhöldum, aðferðum og helstu hugtökum sem notuð eru í myndlist

Námsmat:

Nemendur fá einkunn fyrir hvert verkefni fyrir sig sem byggir á náms- og verkþáttum og hæfniviðmiðum. Nemendur vinna með formin, grunnteikningu og skyggingu þeirra og skoða muninn á tvívídd og þrívídd. Þá teikna þeir eftir uppstillingu (módelteikning). Nemendur leira og vinna skúlptúra og nytjahluti sem síðan eru brenndir og þeir svo glerja. Þeir fá kynningu á ýmsum listamönnum s.s. Vincent Van Gogh, Goghin, Monet og fleiri. auk þess að vinna með, stækka og mála eitt af verkum þeirra. Þá vinna þeir persónulegra verk, eitthvað sem nemendur vilja sjálfir leggja til, t.d. eigin ljósmynd sem þeir stækka og mála, auk þess að bæta við collage vinnu í verkin sín. Kennsluáætlun með nánari útfærslum og sýnishornum af verkefnum er hægt að sjá á Mentor.

Kennari: Bryndís Ingimundardóttir (Engi)

Tímaáætlun: 2 kennslustundir (80 mín.) á viku hálfan veturinn.

Grunnþættir menntunar í 1. – 10. bekk

Grunnþáttur	Nemandi:
Heilbrigði og velferð	<ul style="list-style-type: none"> • hefur jákvæð viðhorf gagnvart umhverfi, náttúru og samfélagi, • kann að umgangast efni og áhöld af varkárni, • hefur jákvæða sjálfsmynd og skilning á eigin tilfinningum og annarra, • notar rétta líkamsbeitingu. • skilur áhrif sem menning, fjölmiðlar og tækni geta haft á heilsu og líðan, • getur tekið þátt í umræðum og samvinnu og tekið sjálfstæðar ákvarðanir.
Jafnrétti	<ul style="list-style-type: none"> • hefur víðsýni og gagnrýna hugsun, • þekkir mismunandi listform, • þekkir list frá mismunandi menningarheimum, • veit að list hefur verið/er notuð sem verkfæri í baráttu fyrir mannréttindum.
Lýðræði og mannréttindi	<ul style="list-style-type: none"> • getur tjáð tilfinningar sínar og skoðanir í listsköpun, • ber virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, óháð lífsháttum, siðum og skoðunum, • ber virðingu fyrir eigin verkum og annarra, • tekur þátt í listsýningum og öðrum listrænum viðburðum, • temur sér siðferðileg gildi í umgengni sinni við aðra.
Læsi	<ul style="list-style-type: none"> • þekkir fjölbreytta miðla og myndmál, • er læs á menningu og menningarverðmæti, • er læs á grunnhugtök listgreina, • les í umhverfið og gerir sér grein fyrir rýmisnotkun, • les í og rýnir til gagns myndræn skilaboð í samfélaginu.
Sjálfbærni	<ul style="list-style-type: none"> • getur endurnýtt og skapað úr verðlausu efni, • ber virðingu fyrir umhverfi sínu, náttúru og samfélagi, • áttar sig á eigin vistspori og hnattrænum áhrifum þess,

	<ul style="list-style-type: none"> nýtir sér umhverfið til sköpunar og tengir við aðrar námsgreinar, tileinkar sér nýtni og nægjusemi.
Sköpun	<ul style="list-style-type: none"> nýtir forvitni, áhuga og ímyndunarafli til að skapa og finna nýstárlegar lausnir, skilur að það eru margar leiðir að sama markmiðinu, nýtir sér verkkunnáttu í listsköpun sinni, sýnir frumkvæði, nýtir fjölbreyttan efnivið í listsköpun, nýtir tæknina á skapandi hátt, setur persónulegan blæ á verkefni sín, þróar og vinnur með eigin hugmyndir.

Sjónlistir/myndmennt

Sjónlistir/myndmennt við lok 8. bekkjar				
Hæfniviðmið Nemandi getur	Námsefni	Kennsluhættir	Námsmat	Vitnisburður
<ul style="list-style-type: none"> Valið á milli mismunandi aðferða við sköpun, prófað sig áfram og unnið hugmyndir í fjölbreytta miðla, greint og beitt fjölbreyttum aðferðum og tækni, Tjáð skoðanir eða tilfinningar í eigin sköpun með tengingu við eigin reynslu og gagnrýni á samfélagið, 	<ul style="list-style-type: none"> nota viðeigandi efni og tækni í einhverjum af grunnaðferðum myndlistar s.s. teikningu, málun og/eða þrykki nýta grunnþætti myndlistar í verkefnum sínum s.s. línur, liti, litatóna, fleti og form, rými og áferð þekkja valda listamenn út frá 	<ul style="list-style-type: none"> rannsóknarvinna og tilraunir sýnikennsla og sjónrænar kveikjur, s.s. Veraldarvefurinn og bækur umræðu- og spurnaraðferðir sem reyna á samræðu og gagnrýna hugsun vettvangsferðir til dæmis á söfn og sýningar 	<ul style="list-style-type: none"> Metið er út frá námsmarkmið annars vegar og hæfniviðmiðum hins vegar Nemendur fá að vita í upphafi hvaða þætti er verið að þjálfra og hvaða markmiðum þarf að ná. Markmiðin er sett fram munnlega og með sýnikennslu. Í öllum verkefnum er bæði verið að meta hvort nemandi hafi tileinkað sér 	<p>Nemendur frá lokamat í bókstöfum: A, B+, B, C+, C, D, þar sem hæfniviðmið sem metur færni nemenda er haft til hliðsjónar.</p> <p>A Framúrskarandi hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs.</p> <p>B+ Notað þegar hæfni er sambærileg þeirri lýsingu sem á við einkunnina B og að hluta til þeirri lýsingu sem á við einkunnina A.</p> <p>B Góð hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs.</p>

<ul style="list-style-type: none"> • Sýnt og útskýrt vinnuferli frá hugmynd að lokaverki sem felur m.a. í sér upplýsingaöflun, tilraunir og samtal, • Skrásett og sett fram hugmyndir á fjölbreyttan hátt byggðar á eigin ímyndunarafli og / eða rannsókn, myndræntog/ eða í texta, • Notað orðaforða og hugtök til að tjá skoðanir sýnar á myndlist og hönnun og fært rök fyrir þeim út frá eigin gildismati, • Gagnrýnt af þekkingu, sanngirni og virðingu eigin verk og annarra bæði einn og í samvinnu, • Greint, borið saman og lýst ýmsum stílum og stefnum í myndlist og hönnun, bæði á Íslandi og erlendis og tengt það við þá menningu sem 	<p>einkennum, stíl og listastefnu</p>	<ul style="list-style-type: none"> • jafningjafræðsla 	<p>tæknilegar aðferðir sem og listræna útfærslu.</p>	<p>C+ Notað þegar hæfni er sambærileg þeirri lýsingu sem á við einkunnina C og að hluta til þeirri lýsingu sem á við einkunnina B.</p> <p>C Sæmileg hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs.</p> <p>D Hæfni og frammistöðu í námi ábótavant með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs.</p> <p>Nemendur fá umsögn í metanlegum hæfniviðmiðum sem eru sýnileg í Mentor.</p> <p>Nemendur frá lokamat í bókstöfum: A, B+, B, C+, C, D, þar sem matsviðmið sem metur færni nemenda er haft til hliðsjónar</p>
--	---------------------------------------	--	--	---

<p>hann er sprottinn úr,</p> <ul style="list-style-type: none"> • Túlkað listaverk og hönnun með tilvísun í eigin reynslu, nærumhverfi, samtímann, siðfræði og fagurfræði, • Gert grein fyrir margvíslegum tilgangi myndlistar og hönnunar og sett hann í persónulegt, menningarlegt og sögulegt samhengi, • Greint hvernig sjónrænt áreiti daglegs lífs hefur áhrif á líf okkar og gildismat. 				
---	--	--	--	--